

2. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands

Fundur haldinn í ÍSÍ, mánudaginn 14. ágúst 2023, kl. 12:00.

Mættir: Halldóra Guðvarðardóttir, Sigurbjörg Fjölinsdóttir, Marta Sigurjónsdóttir, Magnús Heimir Jónasson, Dýri Kristjánsson, Trausti Þór Friðriksson, Eva Hrund Gunnarsdóttir, Sólveig Jónsóttir, Ragnar Magnús Þorsteinsson, Þórey Kristinsdóttir og Helga Svana Ólafsdóttir.

Fundargerð ritaði: Eva Hrund Gunnarsdóttir

Málefni tekin á fundi

1. Mótaskrá

Farið var yfir drög að mótaskrá og aðdraganda vinnunnar og hvernig félögum var skipt niður á mótin. Ábendingar bárust frá tveimur félögum sem farið verður yfir með þeim félögum áður en mótaskráin verður send út.

2. Ársfjórðungsuppgjör

Ragnar Magnús fór yfir helstu fjárhagstölur, fjárhagsstaða sambandins er í jafnvægi við fjárhagsáætlun.

3. Landsliðsmál

Búið er að gera samninga við þá einstaklinga sem hlutu beinann styrk frá Afrekssjóði, Þórey fór yfir samninginn og verklag vegna þessara styrkja.

Undirritanir landsliðssamninga við hóp fimleika er í ágúst og við áhaldafimleikar í september og eru afreksstjórar að vinna við að búa til flotta umgjörð og gjafapoka fyrir iðkendur.

4. Fræðslumál

Helga Svana fór yfir fræðsludagskrá og breytingar á námskeiðum. Fræðsludagurinn verður 23. September. Lögð var fram tillaga að breytingu að launum þeirra sem halda námskeið og þar af leiðandi tillaga að breytingu á verðskrá námskeiða.



5. Heimsóknir í félögin

Lögð var fram dagskrá varðandi heimsókn í félögin.

6. Móta- og keppnisreglur

Móta- og keppnisreglur hafa verið uppfærðar og verðar nú sendar til fagnefndanna.

7. NM í hóp fimleikum á Íslandi

Farið var yfir stöðuna á verkefninu.

8. Fagdagur

Fagdagur verður 31. ágúst. Farið var yfir skipulag dagsins sem verður með fagnefndum, stjórn og skrifstofu.

9. Verkefni frá þingi

Farið var yfir þau verkefni sem vísað var til stjórnar á fimleikaþingi í vor og skiptu stjórn og starfsfólk með sér verkefnum til að hafa þau tilbúin á formannafundi í október.

Fundi slitið kl. 18:54.